

Árið 2015 hinn 18. mars

Aðalfundur Oddafélagsins haldin í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu.
Á fundinn mættu 12.

Hófst fundurinn með því að fundarfólk gæddi sér á kaffiveitingum sem voru eins og fyrri ár í boði Héraðsnefndar Ranárþings og eru nefndinni færðar þakkir fyrir stuðninginn.

Formaður bauð fundarfólk velkomið, lagði fyrir eftirfarandir dagskrá og bað Drífu Hjartardóttur að stýra fundi.

- A. Helstu aðgerðir á árinu og starfáætlun næsta árs. Greinargerð formanns.
- B. Reikningar og félagatal. Greinargerð gjaldkera.
- C. Umræður um greinargerðir.
- D. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
- E. Árgjald næsta árs ákveðið.

Kveðjur frá Helga Þorlákssyni, Birgi Jónssyni, Guðrúnu Sigríði og Jóni Einari Jakobsbörnum, og Skúla Jóni Sigurðssyni. Greindi frá Sæmundarstund sem verður við Háskóla Íslands föstudaginn 20. mars og í fimmta sinn. Hugmyndin að baki stundinni er að kynna fræðimanninn Sæmund fróða. Oddastefna var 24. maí í sal Þjóðminjasafns Íslands, gestir voru um 55 talsins. Formaður ritaði grein um sögu Oddafélagsins fyrir Goðastein 2014. Hann fór einnig með nýstofnaðri Oddafellowstúku sem kennir sig við Sæmund fróða í Odda og hélt fyrirlestur. Nefndi hugmyndir sínar um Sæmundarvelli. Félagið verður 25 ára á árinu og varpaði hann til fundargesta hvað væri hægt að gera í tilefni tímamótanna. Greindi frá því að Oddastefna 2015 verður í Gunnarsholti 28. maí og verður Sveinn Runólfsson gerður að heiðursfélaga, nefndi hann einnig önnur umræðuefni sem til greina koma og rædd voru á stjórnarfundum fyrr um daginn. Gaf fundarstjóri orðið laust um greinargerð formanns.

Farið var í liðinn um kosningu stjórnar og skoðunarmanna sem voru allir endurkjörnir með lófataki.

Gjaldkeri fór yfir ársreikninginn 2014.

Félagsgjöld voru 81.000 og tekjur samtals 91.316. Gjöld voru 65.769 og var Oddastefna þar stærsti gjaldaliðurinn eða 49.800. Hagnaður ársins var 25.549. Í sjóði á félagið 149.218. Sendi gjaldkeri fyrir síðasta ár félagsgjaldið í heimabanka félagsmann og skilar það sér greinilega. Voru engar athugasemdir gerðar við reikningana.

Lagði gjaldkeri til að hækka árgjaldið úr 1.000 krónum í 1.200.- Var sú tillaga samþykkt. Voru reikningar bornir upp og þeir samþykktir.

Undir liðnum önnur mál tók fyrstur til máls Sigurður Sigurðarson. Sagði hann frá að efnt yrði til málþings um Keldur og verður það í Gunnarsholti í júní. Farið verður með rútu frá Umferðamiðstöðinni í Reykjavík með viðkomu á nokkrum stöðum ásamt fróðleik, gengið verður um Keldur og endað með stund í Keldnakirkju. Benti Drífa á að í ár verður Keldnakirkja 140 ára. Fór Sigurður yfir þann hóp sem boðið hefur verið í ferðina. Borðað verður í hádeginu í Gunnarsholti og verða í framhaldinu flutt erindi og Vínafélag Keldna stofnað. Dreifði hann fróðleik um Keldur handa fundarfólki sem hann einnig las. Bent var á fleiri sem ættu að vera með í ferðinni. - Nefnt var hversu spennandi væri að fara með jarðsjá um bæði Keldur og Odda.

Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri lýsti áhuga sínum á þeim verkefnum sem framundan eru bæði hjá Oddafélaginu og Hollvínafélagi Keldna. Fagnaði öllu því sem gert er til að viðhalda merkri sögu Rangárþings. Þór þakkaði Sigurði fyrir og óskaði honum fyrir hönd félagsins velfarnaðar.

Að umræðum loknum sleit fundarstjóri fundinum og fundarfólk hlýddi á fyrirlestur og myndasýningu frá formanninum um Mörk á Landi.

Guðbjörg Arnardóttir, fundarritari.